

Skýrsla formanns Hverfisráðs Hríseyjar 7. desember 2011.

Síðasta starfsár má segja hafi einkenst af því að spila vörn. Atvinnumálin byrjuðu ekki vel þar sem tveimur fyrirtækjum var lokað og svo hætti læknirinn að koma til okkar reglulega. Hverfisráð átti fund með bæjarráði í byrjun febrúar og var farið yfir málefni eyjarinnar. Í framhaldi af þeim fundi var ákveðið að halda íbúafund um atvinnumál sem haldin var í mars og tókst hann ágætlega, en hvað kemur svo útúr þessu? Jú skelin komst af stað aftur en heilsugæslumálin eru en með þeim hætti að læknir kemur ekki hingað og svo átti að reyna að sleppa ungbarna eftirlitinu sem var lofað að skyldi verða óbreytt, en það varð ekki sem betur fer og hefur ungbarnaeftirlit verið, en það þurfti að fara með það lengra til þess að það héldist óbreytt. Svo var ákveðið í sparnaðarskyni að hætta vinnslu á lífrænum úrgangi eða moltuframléiðslu og er allur lífrænuúrgangur fluttur í land og moltaður annarstaðar. Þessar aðgerðir voru ekki vinsælar meðal íbúa og margir hugðust hætt að flokka rusl. Hverfisráð sá ekki hver sparnaðurinn væri og óskaði eftir tölum v.þessa máls en fékk ekki formlega. En sem betur fer stendur þetta til bóta en það er það að moltuframléiðslu verið haldið áfram á næsta ári. Ýmynd okkar er svo tegnd þessum málum sem viðkemur umhverfismálum að ég skora á bæjaryfirvöld að standa með okkur í þessum málefnum. En það má líka nefna það sem vel er gert og vil á þá nefna baráttuna við kerfilin sem hefur gengið vel og er farið að skila árangri, en alltaf má gera betur í öllum þessum málefnum. Einnig má nefna það starf sem Bjarni Thor stendur að en það er vinnsla á Hvönn sem er alltaf að vinda uppá sig og skora ég einnig á bæjaryfirvöld um að standa þétt við bakið á honum í þeirri uppbyggingu. Harðfiskvinnsla er svo hafin á fullum krafti í Hvammi og eru þeir svo að flytja sig yfir í frystihúsið með sýna vinnslu á næstudögum. Þannig að það eru líka jákvæðir hlutir að eiga sér stað hjá okkur. Eflaust er ég að gleyma einhverju og ef einhver málefni sem þið viljið ræða um að þá er þetta rétti vetvangurinn til þess ræða þau mál og hvet ég ykkur til þess að spyrja af því sem brennur á vörum ykkar. Að lokum að þá vil ég koma því á framfæri að við sem erum í fráfarandi hverfisráði gefum ekki kost á okkur aftur í næsta hverfisráð og vil ég þakka þeim þresti og Gunnu fyrir gott samstarf svo og öllu starfsfólki Akureyrarbæjar sem við höfum átt í samskiptum við undanfarinn ár og óska nýju hverfisráði sem verður kosið hér á eftir velfarnaðar í störfum sínum á næsta starfsári. **F.h. Hverfisráðs Hríseyjar Kristinn Frímánn Árnason**

